

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa ekkja skáldsins, sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, skóla-
stjóri Bændaskólans á Hólum og eru þessi þrjú sjálfkjörin, og auk þeirra tveir menn
tilnefndir af landbúnaðarráðuneytinu, Árni G. Eylands og dr. Kristján Eldjárn, sem
einnig tilnefnir stjórnarmann eftir dag ekkjunnar og skal hann vera ættingi Ás-
mundar Jónssonar í föðurætt, búsettur í Skagafirði. Stjórnin ávaxtar fé sjóðsins og
veitir úr honum styrki eftir því sem efni standa til hverju sinni. Stofnfé sjóðsins má
þó aldrei skerða meir en svo, að sjóðurinn nemi kr. 5000.00 hið minnsta.

4. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 8. júlí 1965.

Nr. 159.

20. júlí 1965.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Húsavík.**

Fasteignaskatt í Húsavík skal innheimta með 200% álagi eins og hann er
ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júlí 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr.
sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. júlí 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrimur Dalberg.

Nr. 160.

21. júlí 1965.

SAMÞYKKT**um lokun sölubúða í Húsavík.**

1. gr.

Sölubúðum í Húsavík skal lokað, eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. grein
samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skulu sölubúðir vera lokaðar frá kl. 18 til kl. 9.00, þó
skulu vera frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina: Aðfangadag jóla skal
sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 12. Gamlársdag kl. 12. Síðasta virkan dag fyrir
aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 24. Þriðja dag fyrir að-
fangadag til kl. 11. Sölubúðum skal lokað eigi síðar en kl. 12 á laugardögum.
Annar laugardag í desember er þó heimilt að hafa opnar sölubúðir til kl. 18.

3. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta
mánudag í ágúst mega engar sölubúðir vera opnar.